

5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um fjáröflun til vegagerðar nr. 79 6. september 1974, sbr. lög nr. 78/1975 og lög nr. 78/1977 um breyting á þeim lögum, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er reglugerð nr. 238 30. apríl 1982 um sama efni felld úr gildi.

Fjármálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Ragnar Arnalds.

Höskuldur Jónsson.

AUGLÝSING

um breytingu á jarðræktarsamþykkt fyrir búnaðarfélag Biskupstungna, Grímsness- og Laugardals í Árnassýslu, nr. 168 21. desember 1946.

1. gr.

1. gr. breytist og orðist svo:

Ræktunarsambandið nær yfir Búnaðarfélag Biskupstungnahrepps, Búnaðarfélag Grímsneshrepps, Búnaðarfélag Laugardalshrepps og Búnaðarfélag Grafningshrepps á félagssvæði Búnaðarsambands Suðurlands.

Ofanskráð breyting, sem samþykkt var á aðalfundi ræktunarsambandsins miðvikudaginn 2. desember 1981, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum og reglugerð nr. 36 20. febrúar 1946, til að öðlast gildi þegar í stað.

Fyrirsögn samþykktarinnar breytist til samræmis við breytingu skv. þessari auglýsingu.

Landbúnaðarráðuneytið, 29. mars 1983.

Pálmi Jónsson.

Haukur Jörundarson.

SAMÞYKKT

um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Akureyrarkaupstað, nr. 44 28. apríl 1954.

1. gr.

3. mgr. 69. gr. falli niður.

2. gr.

2. mgr. 71. gr. falli niður.

3. gr.

Við 73. gr. bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Knattborðs- og leiktækjastofur, þar sem rekstur knattborða, spílakassa eða leiktækja er meginhluti starfseminnar, má ekki starfrækja nema með leyfi lögreglustjóra, að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Bæjarstjórn ákveður gjald fyrir leyfið, sem gildir í 1 ár í senn. Knattborðs- og leiktækjastofur mega vera opnar frá kl. 09:00 til kl. 23:30. Ákvæði 69. og 70. gr. taka til þeirra eftir því sem við á.

4. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefir samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 13. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. mars 1983.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

**um breyting á byggingarreglugerð nr. 292 16. maí 1979,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Liður 3.4.9. orðist svo:

Byggingarnefnd getur veitt leyfi til að reisa verksmiðjuframleidd hús eða málmgrindarhús, enda fullnægi þau ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Ákvæði byggingarreglugerðarinnar gilda um slík mannvirki eftir því sem við á, m. a. þarf iðnmeistari sá, sem annast uppsetningu hússins, að undirrita yfirlýsingu um ábyrgð sína, sbr. 3.4.4. Seljandi ber ábyrgð á göllum á verksmiðjuframleiddum húsum eftir almennum reglum. Þegar um er að ræða innflutning verksmiðjuhúsa (eininga- eða málmgrindarhúsa) skulu byggingarfulltrúar og byggingarnefndir krefja hlutadeigandi innflytjendur um vottorð frá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins um að þau standist þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt gildandi byggingarlögum og byggingarreglugerð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 4. gr. byggingarlaga nr. 54 16. maí 1978, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 29. mars 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Jón S. Ólafsson.